



Fornleifavernd  
ríkisins



Ársskýrsla 2007

## Efnisyfirlit

<b>Ávarp forstöðumanns</b>	<b>3</b>
<b>Skipulag og umhverfismat</b>	<b>5</b>
<b>Fornleifarannsóknir</b>	<b>7</b>
<b>Fjármál</b>	<b>11</b>
<b>Önnur starfssemi</b>	<b>13</b>
<b>Starfsstöðvar og starfsfólk</b>	<b>21</b>



Við Hringsdal

## Ávarp forstöðumanns

Haustið 2007 var ráðinn minjavörður Vestfjarða með aðsetri í Bolungarvík. Allt frá stofnun hefur Fornleifavernd ríkisins óskað eftir heimild til að ráða minjaverði á Vestfirði, Suðurland og Reykjanes. Þrátt fyrir þennan gleðilega atburð var árið 2007 fjárhagslega erfitt fyrir Fornleifavernd ríkisins, rétt eins og fyrri ár. Stofnuninni hafði verið úthlutað naumt rekstrarfjármagn af fjárlögum ársins 2007 og ekkert verkefnafjármagn frekar en fyrri ár. Stofnunin fékk u.þ.b. 20% af því fjármagni sem samsvarandi náttúrustofnanir fengu af fjárlögum og var því ógerlegt að byggja upp góða og öflugna minjastofnun. Fjármagn sem veitt hafði verið til að ráða minjavörð á Vestfirði var einungis 40% af kostnaðaráætlun þeirri sem forstöðumaður Fornleifaverndar hafði lagt fram.

Mikill tími forstöðumanns fór í að leita leiða til að bæta fjárhag stofnunarinnar, m.a. með því að taka þátt í erlendum samstarfsverkefnum og sækja um innlenda styrki. Aflað var sértekna sem nýttar voru fyrst og fremst til að skrá minningarmörk í kirkjugörðum landsins og skrifa bók um minningarmörk í Kjalarnes-prófastsdæmi. Stofnunin tók einnig þátt í spennandi Evrópuverkefni til þriggja ára, Net-heritage, sem 13 aðrar þjóðir tóku þátt í. Verður fjallað nánar um verkefnið í skýrslunni.

Gunnar Svavarsson formaður fjárlaganefndar sýndi fjárhagsvanda Fornleifaverndar ríkisins skilning og veitti fjárlaganefnd fjármagni til stofnunarinnar til að leiðrétta halla árána 2005 og 2006 og til að leiðrétta fjárveitingar ársins 2007. Það varð m.a. til þess að hægt var að ljúka við stofnanasamning við starfsfólkið, en þeirri vinnu hefði átt að ljúka 2002. Kjör starfsfólks voru verri en á samsvarandi ríkisstofnunum og hafði ekki reynst unnt að leiðrétta þau fram að þessu.

Sumarið 2007, var fjárlaganefndin að nauðsynlegt yrði að gera fornleifarannsókn vegna framkvæmda í Keldudal í Skagafirði og útvegaði menntamálaráðuneytið fjármagn til að rannsaka minjarnar. Byggðasafnið í Glaumbæ og Hólarannsóknin tóku verkefnið að sér.

Minjaverðir unnu við yfirferð og mat á friðlýstum fornleifum, eftir því sem fjárhagur stofnunarinnar leyfði. Fornleifavernd ríkisins fékk styrk frá RANNÍS ásamt Náttúrustofu Norðurlands vestra til að kaupa Trimble ProXRS mælitæki og Arc View hugbúnað sem nýtt voru við þá vinnu. Vinnan komst lengst á Vesturlandi, en þar var lokið við að fara yfir 102 af 184 friðlýstum fornleifum á svæðinu.

Í mars sóttu allir starfsmenn stofnunarinnar stutt námskeið í stjórnsýslurétti enda þekking á þeim lagabálki ein forsenda allrar vinnu starfsfólksins.

Vinna við gerð staðla sem fornleifafræðingar eiga að styðjast við í framtíðinni við fornleifaskráningu hófst á árinu og samtímis kynnti Fornleifavernd ríkisins átaksverkefni í fornleifaskráningu alls landsins fyrir menntamálaráðherra, sem sýndi verkefninu mikinn áhuga.



Kristín Huld Sigurðardóttir





Við Kolviðarhól

## Skipulag og umhverfismat

Samkvæmt Þjóðminjalögum 2001/107 skal skrá fornleifar vegna svæðisskipulags, aðalskipulags, deiliskipulags eða endurskoðunar þess. Þetta er gert til að tryggja að tekið sé tillit til fornleifa við skipulagsgerð og við framkvæmdir. Menningarminjar eru einnig einn þeirra þátta sem teknir eru til skoðunar í umhverfismati. Fornleifavernd ríkisins er umsagnaraðili um menningarminjar í umhverfismati.

Árið 2007 var veitt 31 umsögn um aðalskipulag eða endurskoðun þess sem er sami fjöldi og árið 2006.

Tafla 1

Umsagnir um aðalskipulag eða endurskoðun aðalskipulags 2007	
Vesturland	2
Vestfirðir	4
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	3
Austurland	1
Suðurland	9
Reykjanes	8
Reykjavík	3

Fjöldmörg deiliskipulagsmál eða byggingarreitir komu til umsagnar Fornleifaverndar eða 187 talsins (sjá töflu 2). Það er nokkru meira en árið 2006 en þá voru samsvarandi umsagnir 128 talsins. Ástæða þess að fá mál berast frá Reykjavík er að borgarminjavörður, þ.e. forstöðumaður Minjasafns Reykjavíkur, fer með mál minjavörslunnar innan höfuðborgarinnar.

Tafla 2

Umsagnir um deiliskipulag og byggingarreiti 2007	
Vesturland	27
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	37
Norðurland eystra	2
Austurland	1
Suðurland	93
Reykjanes	26

Fjöldi umsagna árið 2007 um umhverfismat og umhverfismatsskyldu var svipaður og árið 2006 en nú bættust við umsagnir um umhverfismat áætlaða sem voru nú 10 talsins.

Tafla 3

Umsagnir um umhverfismat 2007	
Vesturland	
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	
Norðurland eystra	2
Austurland	1
Suðurland	1
Reykjanes	1

Tafla 4

Umsagnir um umhverfismatsskyldu 2007	
Vesturland	1
Vestfirðir	1
Norðurland vestra	2
Norðurland eystra	9
Austurland	2
Suðurland	10
Reykjanes	5
Reykjavík	1

Tafla 5

Umsagnir um tillögu að matsáætlun 2007	
Vesturland	1
Vestfirðir	
Norðurland vestra	1
Norðurland eystra	1
Austurland	1
Suðurland	3
Reykjanes	2
Reykjavík	1



Uppgröftur við Hrísbú

---

## Fornleifarannsóknir

Árið 2006 veitti Fornleifavernd ríkisins 54 leyfi til fornleifarannsókna en nú árið 2007 voru 52 leyfi veitt. 23 rannsóknir eða 40,4% voru hefðbundnar framkvæmdarannsóknir en að auki voru 2 björgunarrannsóknir vegna minja sem komið höfðu óvænt í ljós vegna framkvæmda. Árið 2005 var hlutfall rannsókna sem fara fram vegna framkvæmda 27% af heildarfjölda rannsókna en 42,6% árið 2006.

**Pingvellir.** Rannsókn vegna framkvæmda við Þingvallabæinn. Ábyrgðaraðili Oscar Aldred, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 22. febrúar 2007.

**Akbraut (Akbrautarholt) í Holta- og Landsveit.** Könnunarskurðir í og við bæjarstæði Akbrautar vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 8. mars 2007.

**Naust, Akureyri.** Könnunarskurðir í fyrirhugað vegarstæði. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 26. apríl 2007.

**Þjótandi, Villingaholtshreppi.** Fornleifar nr. 4:1-5 og 4:9. Rannsókn vegna framkvæmda við stöðvarhús Holtavirkjunar. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 27. apríl 2007.



**Reykholt í Borgarfirði.** Framhaldsrannsókn á kirkju. Ábyrgðaraðili Guðrún Sveinbjarnardóttir, Þjóðminjasafn Íslands. Leyfi veitt 27. apríl 2007.

**Bær í Öræfum, Austur-Skaftafellssýslu.** Framhaldsrannsókn. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 27. apríl 2007.

**Akbraut, Holta- og Landssveit.** Rúst nr. 23, beitarhús. Rannsókn vegna framkvæmda við stöðvarhús Holtavirkjunar. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 27. apríl 2007.

**Minni-Núpur, Gnúpverjahreppur.** Rúst nr. 37. Rannsókn vegna framkvæmda - stöðvarhús Hvammsvirkjunar. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 27. apríl 2007.

**Keldur á Rangárvöllum.** Framkvæmdaefirlit og rannsókn vegna rotþróar. Ábyrgðaraðili Guðmundur Ólafsson, Þjóðminjasafn Íslands. Leyfi veitt 27. apríl 2007.

**Naust, Akureyri.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 9. maí 2007.

**Nes við Seltjörn.** Rannsókn á bæjarhól. Vettvangsnámskeið fyrir nema í fornleifafræði við HÍ. Ábyrgðaraðili Guðmundur Ólafsson, Þjóðminjasafn Íslands. Leyfi veitt 11. maí 2007

**Skálholt í Bláskógabyggð.** Framhaldsrannsókn á biskupssetri. Ábyrgðaraðili: Mjöll Snæsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 14. maí 2007.

**Rúst 016 við Mjóeyri í Reyðarfirði, Fjarðarbyggð.** Rannsókn vegna framkvæmda við álver. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 21. maí 2007.

**Hólmur í Nesjum, Austur Skaftafellssýslu.** Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 21. maí 2007.



**Helgafell í Mosfellsbæ.** Könnunarskurður vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir, Þjóðminjasafni Íslands. Leyfi veitt 29. maí 2007.

**Strákatangi í Hveravík.** Framhaldsrannsókn á hvalveiðistöð baska. Ábyrgðaraðili Ragnar Edvardsson, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 1. júní 2007.

**Garðlag í landi Eyvíkur á Tjörnesi.** Könnunarskurður vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Howell Magnús Roberts, Fornleifastofnun Íslands. Leyfi veitt 4. júní 2007.

**Skriðuklaustur í Fljótsdal.** Framhaldsrannsókn á munkaklaustri. Ábyrgðaraðili Steinunn Kristjánsdóttir, Skriðuklaustursrannsóknir. Leyfi veitt 5. júní 2007.

**Fjögur fornbyli í Akrahreppi.** Könnunarskurðir. Ábyrgðaraðili Guðný Zoëga, Byggðasafni Skagfirðinga. Leyfi veitt 5. júní 2007.

**Eyðibýli í Mývatnssveit. Landnám og menningarlandslag.** Framhaldsrannsókn, könnunarskurðir á 11 stöðum. Ábyrgðaraðili Orri Vésteinsson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 5. júní 2007.

**Garðar í Þegjandadal og á Fljótsheiði.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 5. júní 2007.

**Kumlabrekka í landi Geirastaða, Skúta- staðahreppi.** Rannsókn á meintum kumlateg. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 5. júní 2007.

**Vað í Skriðdal.** Þjörgunaruppgröftur vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Kristján Mímisson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 11. júní 2007.

**Reykholtssel í Kjarradal.** Könnun á tveimur rústum selja frá Reykholti. Ábyrgðaraðili Guðrún Sveinbjarnardóttir, Þjóðminjasafni Íslands. Leyfi veitt 21. júní 2007.

**Skagafjarðarrannsóknir.** Framhaldsrannsókn á fornum bæjum í Skagafirði. Ábyrgðaraðili John Steinberg, Fiske Center for Archaeological Research, Univ. of Mass. – Boston. Leyfi veitt 22. júní 2007.

**Búðarárbakki í Hrunamannahreppi.** Framhaldsrannsókn á 17. aldar býli. Ábyrgðar-

aðili Kristján Mímisson, Fornleifafræðistofan ehf. Leyfi veitt 22. júní 2007.

**Vatnsfjörður við Ísafjarðardjúp.** Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 22. júní 2007.

**Eyri á Ísafirði.** Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 22. júní 2007.

**Jarðsjármælingar á Hvaleyrarvelli, Hafnarfirði.** Ábyrgðaraðili Björn Pétursson, Byggðasafni Hafnarfjarðar. Leyfi veitt 28. júní 2007.

**Möðruvellir í Hörgárdal.** Rannsókn á öskuhaug. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júlí 2007.

**Leirvogstunga í Mosfellsbæ.** Rannsókn vegna framkvæmda við íbúðabyggð. Ábyrgðar- aðili Lilja Björk Pálsdóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júlí 2007.

**Þegjandadalur í Suður Þingeyjarsýslu.** Könnunarskurðir á fimm eyðijörðum til að kanna aldur og þróun byggðar í dalnum. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júlí 2007.

**Kuml og mannvirki í Hringsdal.** Rannsókn á kumlateg og hlöðnu mannvirki þar hjá. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júlí 2007.

**Kuml á Daðastaðaleiti.** Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júlí 2007.

**Öxney í Skógarstrandahreppi.** Könnunarskurðir í búsetuminjar í eygni. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júlí 2007.

**Litlu Núpar í landi Laxamýrar.** Könnunarskurðir til að leita mannvistarleifa við eyðibýlið Litlu Núpa og rannsókn á leifum kumlategs. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 12. júlí 2007.

**Fornar rústir á Síðuheiðum.** Könnunarskurðir í meintar leifar tveggja landnámsbýla, annars vegar vestan við Smalaskál (Heiði) og hins vegar við rústir Geirlandssels við Merkurá. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson,

Fornleifafraeðistofan ehf. Leyfi veitt 12. júlí 2007.



**Hrisbrú, Leirvogur, Borg í Mosfellsbæ.** Framhaldsrannsókn á bæjarstæði. Ábyrgðaraðili Jesse Byock, UCLA. 18. júlí 2007.

**Hólar í Hjaltadal.** Framhaldsrannsókn á biskupssetri. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir, Hólaskóli, Þjóðminjasafn Íslands, Byggðasafn Skagafjarðar. Leyfi veitt 18. júlí 2007.

**Jamestown.** Umsókn um leyfi til að taka upp akkeri timburflutningaskipsins Jamestown sem fyrst utan við Hafnir í lok 20. aldar. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafraeðistofan ehf. Leyfi veitt 9. ágúst 2007.

**Hrútey í Mjóafirði.** Rannsókn vegna vegaframkvæmda. Ábyrgðaraðili Ragnar Edvardsson, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 9. ágúst 2007.

**Selárdalur, Vestur Barðastrandasýslu.** Könnun á meintu kumli. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 9. ágúst 2007.

**Feigsdalur, Vestur Barðastrandasýslu.** Könnun á meintum kumlum. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 9. ágúst 2007.

**Otradalur, Vestur Barðastrandasýslu.** Könnun á meintu kumli. Ábyrgðaraðili Adolf Friðriksson, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 9. ágúst 2007.

**Þjótandi, Villingaholtshreppi.** Rannsókn

vegna framkvæmda við Holtavirkjun. Ábyrgðaraðili Bjarni F. Einarsson, Fornleifafraeðistofan ehf. Leyfi veitt 15. ágúst 2007.

**Tónlistar og ráðstefnuhús í Reykjavík.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Oscar Aldred, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 27. ágúst 2007.

**Glerá, Akureyri.** Björgunarrannsókn á fornum grafreit sem raskað var vegna malarnáms. Ábyrgðaraðili Guðrún Alda Gísladóttir, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 31. ágúst 2007.

**Urriðakot, Garðabæ.** Rannsókn vegna framkvæmda við íbúðabyggð. Ábyrgðaraðili Ragnheiður Traustadóttir, Háskólinn á Hólum. Leyfi veitt 3. september 2007.

**Tröð í Bolungarvík.** Rannsókn vegna framkvæmda við snjóflóðavarnargarð. Ábyrgðaraðili Ragnar Edvardsson, Náttúrustofu Vestfjarða. Leyfi veitt 10. september 2007.

**Nauthóll við Öskjuhlíð, Reykjavík.** Prufuskurðir vegna framkvæmda á lóð Háskólans í Reykjavík. Ábyrgðaraðili James Stuart Taylor, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 10. september 2007.

**Nauthóll við Öskjuhlíð, Reykjavík.** Rannsókn vegna framkvæmda á lóð Háskólans í Reykjavík. Ábyrgðaraðili Oscar Aldred, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 15. október 2007.

**Grófartorg, Reykjavík.** Rannsókn vegna framkvæmda. Ábyrgðaraðili Howell M. Roberts, Fornleifastofnun Íslands ses. Leyfi veitt 5.





Við Leirvogstungur

## Fjármál

Á árinu 2007 varð 3.693 þús.kr. tekjuafgangur af rekstri Fornleifaverndar ríkisins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 375 þús.kr., skuldir 9.071 þús.kr. og eigið fé var neikvætt um 8.696 þús.kr. í árslok 2007.

### Rekstrarreikningur árið 2007

	2007
<b>Tekjur</b>	
Sértekjur	8.219.758
	<u>8.219.758</u>
<b>Gjöld</b>	
Laun og launatengd gjöld	54.319.468
Skrifstofu- og stjórnarkostnaður	3.507.931
Funda- og ferðakostnaður	4.911.381
Aðkeypt sérfræðipjónusta	5.758.885
Rekstur tækja og áhalda	1.285.070
Annar rekstrarkostnaður	3.624.225
Húsnæðiskostnaður	3.768.892
Bifreiðarekstur	5.148.342
Eignakaup	492.287
	<u>82.816.481</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir ríkisframlag</b>	(74.596.723)
Ríkisframlag	78.290.000
	<u>78.290.000</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>	<u>3.693.277</u>



---

Ráðstefnugestir á göngu um Reykjavík

## Önnur starfssemi

### Rannsóknir

Kristinn Magnússon og Magnús A. Sigurðsson grófu könnunarskurði í meintan bæjarhól í *Gróf í Reykholt* dagana 16. og 18. maí.

Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon könnuðu mannvistaleifar á svæði við kirkjuna í *Árnesi í Holtum*. Skafið hafði verið ofan af svæðinu með stórvirkum vinnuvélum til að gera þar bílaplan.

Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon fóru í september í *Útskálakirkju á Reykjanesi*. Skipt var um gólf í kirkjunni. Undir gamla gólfinu voru mannabein.

Kristinn Magnússon kannaði, þann 22. nóv., gryfju í fjörunni niður undan *Strandakirkju í Selvogi*. Gryfjan sást aðeins á fjöru. Engar vísbendingar komu fram um að gryfjan væri manngerð.

Grafnir voru prufuskurðir að *Miðgarði í Borgarbyggð* vegna deiliskipulags, og var deiliskipulagi breytt í kjölfarið. Rannsóknin var í umsjá Magnúsar A. Sigurðssonar.

Magnús A. Sigurðsson og Gunnar Bollason fóru að Gilsbakka í Borgarfirði daglangt til að grafa upp, skrá og mynda minningarmörk.



Neyðarrannsókn í landi *Keldudals í Hegranesi* vegna framkvæmda. Fjármagn fékkst frá Alþingi til uppgrافتarins. Þór Hjaltalín og Sólborg Una Pálsdóttir unnu við rannsóknina fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins í samstarfi

við Byggðasafn Skagfirðinga og Hólarannsóknina. Uppgrófturinn fór fram á tímabilinu 7. ágúst – 30. ágúst.

Þór Hjaltalín tekur þátt í *Vínlandsverkefninu* í samstarfi við dr. Jónas Kristjánsson, Kristján Jónasson, Kevin McAleese og Bjarna F. Einarsson um rannsóknir á byggðum norrænna manna á Nýfundnalandi.

Þór Hjaltalín og Sólborg Una Pálsdóttir rannsökuðu minjar sem höfðu orðið fyrir skemmdum vegna framkvæmda á *Fossi í Hrutafirði*. Vettvangsferð var farin þann 16.-17. ágúst og frekari rannsóknir og mat á skemmdum fór fram þann 28. ágúst.

*Rangá í Hróarstungu*, rannsókn á grafreit frá miðöldum sem fannst í kjallara íbúðarhúss árinu áður. Grafreiturinn fannst árið 2006 en ekki náðist að ljúka henni þá. Rannsókninni var lokið á vettvangi í júlí. 11 grafir fundust og ljóst er að fleiri leynast undir veggjum og steypu gólfi. Rannsókn í umsjá Ingu Sóleyjar Kristjónudóttur en að verkinu komu einnig Sigurður Bergsteinsson og Sólborg Una Pálsdóttir.

*Möðrudalur*, rannsókn á gróf sem kom í ljós við lagningu símalínu. Rannsókn í umsjá Ingu Sóleyjar Kristjónudóttur en að verkinu kom einnig Sólborg Una Pálsdóttir.

*Vað*, hreinsun og teikning á sniðum reits þar sem grafið hafði verið vegna viðbyggingar íbúðarhúss. Ákveðið var að fara í björgunarrannsókn sem Kristján Mímísson, Fornleifastofunni ehf. stjórnaði.

Sigurður Bergsteinsson gerði rannsókn á eðli og umfang minja vegna lagningar heitvatnsleiðslu frá *Illugastöðum í Fnjóskadal að Grenivík*.

### Viðgerðir og viðhald

*Digranesbær í Kópavogi*. Fundur með garðyrkjufulltrúa vegna hættu á skemmdum á minjunum vegna nálægðar við skóla, 12. júní 2007.

Unnið var að viðgerð *Bláskeggsárbrúar í Hvalfirði* í samvinnu við Hvalfjarðarsveit og Vegagerðina. Verkefnið er í umsjá Kristins Magnússonar.

*Hjallur á Reykjum* (Samstarf við landeigendur á Reykjum á Reykjaströnd, Jón Eiríksson, um viðgerð/endurgerð gamla hjallsins á Reykjum). Verkefnið er í umsjá Þórs Hjaltalín.

*Hlíðskjálfr á Arnarvatnsheiði* (Samstarf við bændur í V-Húnavatnssýslu viðgerð/ endurgerð á sæluhúsinu Hlíðskjálfr). Verkefnið er í umsjá Þórs Hjaltalín.

*Brattahlíð í Svartárdal*. Áhugi er fyrir því að gera við gamla torfbæinn í Bröttuhlíð. Þór Hjaltalín, Magnús Skúlason hjá Húsafriðunarnefnd og Björn Magnússon oddviti Húnavatnshrepps héldu fund með eiganda hússins, þar sem farið var yfir þessi mál. Ekki náðist samkomulag um þá framkvæmd, en mikilvægt er að halda málinu vakandi.

### Útgáfa

Fornleifavernd ríkisins gaf á árinu út nýjan bækling þar sem starfsemi stofnunarinnar var kynnt.

Agnes Stefánsdóttir og Kristín Huld Sigurðardóttir: "Fornleifar og eftirlíkingar", *Þriðja íslenska sögubíngið 18.-21. maí 2006. Ráðstefnurit*. Reykjavík 2007.

Agnes Stefánsdóttir: "Glæsibæjarkirkja", *Kirkjur Íslands* 9. bindi. Reykjavík 2007.

Agnes Stefánsdóttir: "Urðakirkja", *Kirkjur Íslands* 9. bindi. Reykjavík 2007.

Agnes Stefánsdóttir: "Möðruvallakirkja", *Kirkjur Íslands* 10. bindi. Reykjavík 2007.

Inga Sóley Kristjónudóttir: *Grafreitir á Rangá í Fljótsdalshéraði*. Rit Fornleifaverndar ríkisins 2007:1. Fornleifavernd ríkisins 2007.

Jón Geir Pétursson, Agnes Stefánsdóttir og fl.: "Guide to good afforestation practice in Iceland – An interdisciplinary approach". *Effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development. Proceedings of the AFFORNORD conference, Reykholt, Iceland, June 18-22, 2005*. TemaNord 2007:508 (Nordisk Ministerråd, København, 2007), p. 321-323.

Kristín Huld Sigurðardóttir: "Bægisárkirkja – Kirkjustaður", *Kirkjur Íslands* 9. bindi, bls. 49-50.

Kristín Huld Sigurðardóttir/Gunnar Bollason:

"Bægisárkirkja – Kirkjugarður og minningarmörk", *Kirkjur Íslands*, 9. bindi, bls. 80-81.

Kristín Huld Sigurðardóttir: "Kvíabekkjarkirkja – Kirkjustaður" *Kirkjur Íslands* 9. bindi, bls. 123 – 124.

Kristín Huld Sigurðardóttir/Gunnar Bollason: "Kvíabekkjarkirkja – Kirkjugarður og minningarmörk", *Kirkjur Íslands* 9. bindi, bls. 144 – 145.

Kristín Huld Sigurðardóttir: "Ólafsfjarðarkirkja – Kirkjustaður", *Kirkjur Íslands*, 9. bindi, bls. 239-240.

Kristín Huld Sigurðardóttir/Gunnar Bollason: "Ólafsfjarðarkirkja – Kirkjugarður og minningarmörk", *Kirkjur Íslands*, 9. bindi, bls. 262 – 264.

Þór Hjaltalín: "Preventive Archaeology in Iceland", *European Preventive Archaeology. Papers of the EPAC Meeting 2004, Vilnius*. (Budapest 2007), p. 123-135.

Þór Hjaltalín: "Kulturminnen och värdeskapande på Island", *Kulturminner og verdskapning i Norden. Nordisk workshop, Oslo 2.-3. maí 2007*. TemaNord 2007:609 (Nordisk Ministerråd, København, 2007), p. 56 -70.

### Fyrirlestrar og kennsla

Agnes Stefánsdóttir: Strandminjar á Íslandi. Minjar um útgerð og lífið við sjóinn frá fornleifafræðilegu sjónarhorni. Fyrirlestur haldinn í fyrirlestraröð íslenska vitafélagsins, sjóminjasafninu Víkinni, Grandagarði 8 Reykjavík, 31. janúar 2007.

Agnes Stefánsdóttir: Fornleifar í skipulagi, Laki. Haldinn á ráðstefnu um skipulagsmál fyrir Lakasvæðið á vegum ráðgjafanefndar um skipulag þjóðgarðsins við Lakagíga í Skaftárhreppi, á Hótel Klaustri, Kirkjubæjarklaustri, 10. mars 2007.

Agnes Stefánsdóttir: Fornminjar við strendur landsins – staða og tækifæri. Haldinn á ráðstefnunni Strandmenning Íslands, staða hennar og framtíð, hótel Sögu, Reykjavík, 5. október 2007.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Lagaumhverfi fornleifaverndar á Íslandi. Málþing um túlkun og viðhald menningarminja á Íslandi. Egilsstaðir, 8. júní 2007.

Inga Sóley Kristjónudóttir: Lög og regluverk Fornleifaverndar ríkisins. Málstofa á vegum ICHI-hópsins um aðgengi almennings að Skriðuklaustri. Skálanes, 5. júní 2007.

Kristín Huld Sigurðardóttir hélt 26. febrúar fyrirlestur um fornleifavernd og fornleifarannsóknir fyrir nemendur í ferðamálafræðum og staðarvörslu við Háskólann á Hólum í Hjaltadal.

Kristín Huld Sigurðardóttir hélt fyrirlestur 6. september á Skriðuklaustri um járngerð á landnámsöld.

Kristín Huld Sigurðardóttir, Agnes Stefánsdóttir, Sólborg Una Pálsdóttir, Þór Hjaltalín kenndu á námskeiðinu 05.63.11. Fornleifavernd, við Háskóla Íslands á vormisseri 2007. Námskeiðið var í umsjá Kristínar Huldar Sigurðardóttur.

Sólborg Una Pálsdóttir hélt fyrirlestur um strandminjar á málþingi Vitavarðafélagsins, Akureyri, maí 2007.

Þór Hjaltalín: Tækifæri í menningarferðabjónustu. *Ferðabjónusta í Austur Húnavatnssýslu. Hvatningar- og hugmyndaping*. Erindi haldið á Húnavöllum 24. mars 2007.

Þór Hjaltalín: Menningarlandslag og minjahildir. Fyrirlestur á námskeiði fyrir staðarverði, Háskólanum á Hólum, 29. mars 2007, ásamt vettvangsferð um Skagafjörð.

Þór Hjaltalín: Keldur á Rangárvöllum. Viðgerð og lærdómur. *Torf í arf. Þverfaglegt málþing um íslenska torfbæinn*. Erindi flutt á Löngumýri 30. mars 2007.

Þór Hjaltalín: Kirkjugarðar og minjavernd. Erindi flutt á Löngumýri í Skagafirði þann 11. apríl 2007 að ósk Kirkjugarðaráðs/Biskupsstofu fyrir sóknarnefndir á Norðurlandi vestra.

Þór Hjaltalín: Skipulag minjavörslunnar og aðgengi að minjum á Íslandi. Erindi flutt fyrir vinnuhóp um bætt aðgengi að menningarminum, Osló 23. apríl 2007.

Þór Hjaltalín: Værdiskapning og Islánningasagornas kulturlandskap. *Verdiskapning, verdier og bærekraft. Nordisk workshop om kulturell, ökonomisk og social verdiskapning basert på kulturminner og kulturmiljøer*, NIKU. Erindi flutt í Oslo 2. maí 2007.

Þór Hjaltalín: Sögur, landslag og minjar í

Vatnsdal og Þingi. Erindi haldið á *Þingeyrabingi*, á Þingeyrum 19. ágúst á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals.

Þór Hjaltalín: Tilgængelighet til kulturminner och kulturmiljøer/landskap. Erindi flutt fyrir vinnuhóp um bætt aðgengi að menningarminum, Stokkhólmi 3. september 2007.

Þór Hjaltalín: Verðmætasköpun á grundvelli menningarminja. *Til heiðurs Sirrí*. Málþing í tilefni 20 ára starfsafmælis Sigríðar Sigurðardóttur safnstjóra á Byggðasafni Skagfirðinga, á Hólum í Hjaltadal, 9. nóvember.

### Almannatengsl, kynning, leiðsögn

Í tilefni af Menningarmínjadedgi Evrópu, 7. september 2007, voru eftirfarandi erindi flutt:

- Kristinn Magnússon: Manngerðir hellar. Erindi flutt á Efra-Hvoli í Rangárþingi eystra en auk þess voru friðlýstu hellarnir á Efra-Hvoli skoðaðir.
- Magnús A. Sigurðsson kynnti Bólstað við Vaðilshöfða í landi Úlfarsfells í Álftafirði á Snæfellsnesi. Staðurinn er þekktur úr Eyrbyggju sem bústaður Arnkels goða.
- Þór Hjaltalín, Guðný Zoega: Keldudalur í Hegranesþingi. Kynning á rannsókn og skoðunarferð um rannsóknarsvæðið.

Agnes Stefánsdóttir, viðtal á mbl.is vegna mannabeina undir gólfi Útskálakirkju (sjónvarpsviðtal og rituð grein), 14. september 2007.



Agnes Stefánsdóttir, viðtal í Fréttablaðinu vegna mannabeina undir Útskálakirkju, 15. september 2007.

Agnes Stefánsdóttir, viðtal á vefsíðunni



Víkurfrétta, vegna mannabeina undir Útskálakirkju, 20. september 2007.

Agnes Stefánsdóttir, viðtal/grein í Sjávarútvegstímaritinu *Ægi* vegna fyrirlestrar á ráðstefnu um strandminjar í október 2007.

Agnes Stefánsdóttir, viðtal í útvarpsþættinum *Út* um græna grundu vegna strandminja, tekið 7. febrúar 2007.

Kristín Huld Sigurðardóttir var í útvarpsviðtali um Fornleifavernd ríkisins, gildi fornleifarannsóknna og fornleifaskráningar í þættinum *Samfélagið í nærmynd* þann 3. júlí.

Kristín Huld Sigurðardóttir viðtal í í mbl. 16.11 2007, bls. 12: *Minjavarslan býður upp á sóknarfæri*. Viðtal við stjórnendur Þjóðminjavörslunnar vegna þess að 100 ár voru liðin frá því að fyrstu íslensku minjaverndarlögin voru sett.

Kristín Huld Sigurðardóttir, Ósátt við uppgröft í Vestmannaeyjum. *Viðtal í Dv. miðvikudaginn 30. maí, bls. 4.*

Þór Hjaltalín vann að bættu aðgengi að friðlýstum minjum á Flugumýri í Skagafirði. Búið var að setja upp skilti og fékkst styrkur frá Akrahreppi til að smíða þrúlu og stíka leiðina upp að virki.

Þór Hjaltalín veitti aðstoð og ráðgjöf um uppsetningu minnismarkis við Hjaltabakkakirkju í A-Húnavatnssýslu auk þess að semja stuttan texta á skjöld sem festur var við minnismarkid.

Þór Hjaltalín og Sólborg Una Pálsdóttir fóru í leiðangur um Vestfirði 20.-23. maí til að mæla upp friðlýstar minjar, en einnig til að kynna stofnunina og efla tengslin við hagsmunaaðila á svæðinu.

Þór Hjaltalín var í útvarpsviðtali hjá Jóni Ormari á Morgunvaktinni á RÚV þar sem fjallað var um fornleifar og minjavörslu, 25. júlí 2007.

Þór Hjaltalín hélt fund með hreppsnefns Húnavatnshrepps til að kynna Fornleifavernd ríkisins og kröfur sem gerðar eru vegna fornleifaskráningar í tengslum við aðalskipulagsgerð sveitarfélagsins.

Þór Hjaltalín hélt fund með skipulagsnefnd Húnaþings vestra vegna skemmda á minjum á Fossi í Hrótafirði. Rætt var um hvernig bæta megi verklagsreglur svo koma megi í veg fyrir slys af þessu tagi í framtíðinni.

Þór Hjaltalín fór með ráðstefnugesti Þingeyraþings í skoðunarferð á slóðir Vatnsdælasögu þann 19. ágúst 2007.

Þór Hjaltalín: *Nokkrir punktar varðandi Rammaáætlun*. Greinargerð um aðkomu Fornleifaverndar ríkisins að Rammaáætlun.

Þór Hjaltalín: Sögutengd ferðaþjónusta í Skagafirði. Leiðsögn fyrir nemendur Hólaskóla og HÍ á Sturlungaslóð í Skagafirði. (20. okt.).

Þór Hjaltalín og Kristín Huld Sigurðardóttir héldu fund með landbúnaðarráðherra og ráðuneytisstjóra til að kynna fyrir þeim hugmyndir að verkefninu Minjabændur, þann 3. okt. 2007.

### Félagsstarf

Agnes Stefánsdóttir er stjórnarmaður í félagi íslenskra fornleifafræðinga.

Agnes Stefánsdóttir er stjórnarmaður íslenskra vitafélaginu – félagi um vita og strandmenningu.

Þór Hjaltalín er stjórnarmeðlimur í félaginu Landnám Ingimundar gamla.

Þór Hjaltalín er stjórnarmeðlimur í íslensku ICOMOS nefndinni.

Þór Hjaltalín situr í stjórn Hins íslenska fornleifafélags.

Þór Hjaltalín situr í siðanefnd Félags íslenskra fornleifafræðinga.

### Samstarfsverkefni

#### *Innlend verkefni*

Mynduð var samstarfsnefnd milli Vega-gerðarinnar, Skógræktarinnar, Umhverfisstofnunar og Fornleifaverndar ríkisins til að fjalla um fyrirhugaða vegalagningu í Þorskafirði í Reykhólahrepp, og sat Minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson einn fund með henni fyrri parts árs. Í kjölfarið var farin vettvangsferð um Teigsskóg í Þorskafirði til að kanna fyrirhugað vegastæði.

Fornleifavernd ríkisins var í samvinnuverkefni með ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu og Gagarin um gerð vefsjár þar sem hægt er að nálgast upplýsingar um fornleifar í Þjórsárdal.

Fornleifavernd ríkisins var í samvinnuverkefni með ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu

um gerð upplýsingaskilta við Stöng í Þjórsárdal.

Skipaður var starfshópur til að vinna að endurbótum á Bláskeggsárbrú í Hvalfjarðarsveit. Kristinn Magnússon er fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins í hópnum. Arnheiður Hjörleifsdóttir umhverfisfræðingur er fulltrúi Hvalfjarðarsveitar og Jakob Hálfdanarson minjavörður fulltrúi Vegagerðarinnar. Bláskeggsárbrú er með steinsteyptum boga og eina af fyrstu brúum þeirrar gerðar sem byggð var á Íslandi. Brúin var byggð árið 1907 og er því 100 ára á þessu ári. Þór Magnússon, þáverandi þjóðminjavörður, lét setja brúna á skrá yfir friðlýstar fornleifar árið 1978. Hún er eina mannvirki sinnar tegundar sem friðlýst hefur verið skv. þjóðminjalögum.

Fornleifavernd ríkisins fór í samstarf við sveitarfélagið Rangárþing eystra um að hreinsa jarðveg úr friðlýstum manngerðum helli á Efra-Hvoli. Hópur erlendra sjálfboðaliða, Veraldar-vinir, vann að hreinsuninni undir eftirliti starfs-manns Fornleifaverndar ríkisins. Bílaplan var gert í nokkurri fjarlægð frá hellinum og stígur lagður frá því að honum.

Á söguslóð Vatnsdælasögu. Samstarf við ferðapjónustuaðila í Húnaþingi og félagið Landnám Ingimundar gamla. Í umsjá Þórs Hjaltalín.

Vínlandsverkefnið. Samstarf við Jónas Kristjánsson og Kristján Jónasson um rannsóknir á byggðum norrænna manna í Ameríku. Í umsjá Þórs Hjaltalín.

### **Erlent samstarf**

Net Heritage verkefnið var eitt verkefnanna sem fengu styrk úr 7. rammaáætlun Evrópuráðsins. Alls nam styrkurinn 315 millj. ísl. kr. og var hluti Íslands 11. milljónir kr. Um er að ræða þriggja ára verkefni sem lýkur í árslok 2011. RANNÍS og menntamála-ráðuneytið fólu Fornleifavernd ríkisins að sjá um verkefnið fyrir hönd Íslands. Markmið verkefnisins er að búa til gagnabanka með upplýsingum um stöðu mála í Evrópu hvað varðar sérstaklega menntun, rannsóknarsjóði og umhverfi forvörslu og varðveislu fastra menningarminja með áherslu á rannsóknir á sviði for-vörslu. Verkefninu er stjórnað af menningar-málaráðuneyti Ítalíu og taka 14 þjóðir þátt í því (Ítalía, Belgía, Bretland, Búlgaría, Frakkland, Þýskaland, Grikkland, Ísland, Lettland, Malta, Pólland, Rúmenía og Spánn ). Fræðast má um verkefnið á vefslóðinni: <http://www.netheritage.eu/>.

Agnes Stefánsdóttir sat í undirbúningsnefnd árlegra funda Þjóðminjavarða Norðurlandanna. Sótti tvo fundi, annars vegar undirbúningsfund í Hvitträsk í Finnlandi 12. Febrúar 2007 og Þjóðminjavarðarfundur Norðurlandanna í Jyväskylä í Finnlandi 8. – 10. júní 2007.

Agnes Stefánsdóttir er fulltrúi Íslands í Herein verkefninu – upplýsingavefur um stjórnsýslu menningaminja í Evrópu, á vegum Evrópuráðsins. Hún skrifaði skýrslu um stöðuna á Íslandi til birtingar á heimasíðu verkefnisins (National report) og sótti fund í Strassbourg, 21. nóvember 2007.

Agnes Stefánsdóttir undirbjó og stýrði norrænni ráðstefnu “Kulturmiljøet i den kommunale arealplanlæggingen – utviklingsressurs og hensynselement” sem haldin var í Reykjavík 27. - 28. september 2007. Ráðstefnan var hluti af röð ráðstefna sem kallast “Kompetanserettet samling for nordiske kulturmiljøforvaltere”.



Inga Sóley Kristjónudóttir tekur þátt í Norrænu samstarfsverkefni um loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á menningarminjar (Klimaændringer og kulturmiljø). Fundur í Oslo 21. maí 2007.

Inga Sóley Kristjónudóttir tók þátt fyrir hönd Fornleifaverndar ríkisins í Unlocking Hidden Heritage UK Action 18.- 25. júní í Bretlandi.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti í janúar stjórnarfund EAC (European Archaeological Council) í Budapest.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti í mars stjórnar-

fund og ráðstefnu EAC í Metz í Frakklandi. Á ráðstefnunni var fjallað um frágang gagna sem verða til við fornleifauppgröft.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti 9. – 12. maí fund þjóðminjavarða Evrópu ( European Heritage Heads Forum) í Prag.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti ársfund þjóðminjavarða Norðurlanda í Jyväskylä í Finnlandi 8. – 10. júní.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti stjórnarfund EAC í Helsinki í Finnlandi 29. – 30. júní.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti undirbúningsfund vegna Evrópuverkefnisins ARCHIVES ( um frágang gagna sem verða til við fornleifauppgröft) í Bern 11. – 14. október.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti stjórnarfund EAC í Dublin 18. – 19. október.

Þór Hjaltalín tók þátt í verkefni á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar um bætt aðgengi fatlaðra að menningarminjum og friðuðum húsum, *Tilgjengelighet til kultur-historiske miljøer – Access to Cultural Heritage*. Fundir voru haldnir í Osló 22. - 25. apríl, í Stokkhólmi 2. - 5. september og í Kaupmannahöfn 24. - 28. nóvember. Skýrsla er væntanleg um starf vinnuhópsins.

### **Stjórnar-, nefndarsetur, vinnuhópar**

Agnes Stefánsdóttir og Kristinn Magnússon sitja samráðsfundi Fornleifaverndar ríkisins, Skipulagsstofnunar og Umhverfisstofnunar vegna skipulags og umhverfismásmála.

Kristín Huld Sigurðardóttir er nefndarmaður í Heimsminjanefnd Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir er í ráðgjafanefnd þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Kristín Huld Sigurðardóttir situr í Kirkjugarðaráði.

Kristín Huld Sigurðardóttir er í stjórn EAC (European Archaeological Council/), Evrópu-samtaka stjórnsýslustofnana fornleifamála.

Kristín Huld Sigurðardóttir var í árslok skipuð í verkefnastjórn Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, tók sæti í Breiðafjarðarnefnd í byrjun júlí 2000 sem fulltrúi Þjóðminjaráðs Íslands. Hann

var síðan endurskipaður í nefndina um mitt ári 2004 sem fulltrúi Fornleifaverndar ríkisins. Haldnir voru 9 fundir á árinu 2007, Mikil vinna hefur farið í undirbúning þeirra, sérstaklega vegna ásóknar í að byggja í eyjunum og vegna Vestfjarðavegar nr. 60 um norðanverðan Breiðafjörð.

### **Námskeið, ráðstefnur, nám**

Starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins sóttu fræðslufund Félags forstöðumanna ríkisstofnana: Stjórnsýslulög og –reglur – helstu mistök og leiðir til að forðast þau?, Grand hótél, Reykjavík 7. mars 2007.

Agnes Stefánsdóttir sat málþing Safnaráðs um rafrænt aðgengi að menningararfi og náttúru-minjum sem haldið var í Reykjavík 14. mars 2007

Agnes Stefánsdóttir sat fræðslufund Félags forstöðumanna ríkisstofnana: Árangursmælingar í opinberum stofnunum, Grand hótél, Reykjavík 15. mars 2007.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti námskeið Florence Kennedy í samningatækni, hjá Endurmenntunastofnun Háskóla Íslands.

Kristín Huld Sigurðardóttir sótti námskeið um Fjármál ríkisstofnana hjá Endurmenntunastofnun Háskóla Íslands.

Kristinn Magnússon sat námskeið í Oracle hjá Fjársýslu ríkisins 23. júlí.

Kristinn Magnússon sat norræna ráðstefnu um skipulag og menningarminjar 27. og 28. sept.

Kristinn Magnússon sat námskeið um fundastjórn hjá Endurmenntun H.Í. 2. og 4. okt.

Kristinn Magnússon sat ráðstefnu um strandminjar á Hótel Sögu 5. okt.

Í lok árs sat Minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson, tvo fundi hjá Breiðafjarðarfléttunni, sem eru nýstofnuð samtök ferðaþjónustuaðila á Breiðafjarðarsvæðinu.

Sigurður Bergsteinsson tók þátt í norræna ráðstefnunni “Nordisk Ruinseminar 2007“ í Þorshöfn í Færeyjum 18. til 20 september 2007.

Sólborg Una Pálsdóttir sat samráðsfund um öflun landfræðilegra gagna í nóvember 2007 á vegum LÍSA, samtaka um landupplýsingar á Íslandi.

Sólborg Una Pálsdóttir sat ráðstefnu um landupplýsingar á vegum LÍSA, samtök um landupplýsingar á Íslandi, á Akureyri, 17. apríl.

Sólborg Una Pálsdóttir tók þátt í ráðstefnu AARG (Aerial Archaeology Research Group) í Kaupmannahöfn, 25.-27. september.

Sólborg Una Pálsdóttir sótti námskeið í torfhleðslu á vegum Fornverkaskólans, september 2007.

Þór Hjaltalín og Magnús A. Sigurðsson stunduðu nám í opinberri stjórnsýslu við HÍ.

Þór Hjaltalín sótti málþing um verðmæta-sköpun á grundvelli menningarminja sem haldið var í Osló dagana 1. - 4. maí 2007.

Þór Hjaltalín sótti ársfund Samtaka um sögu-tengda ferðapjónustu sem haldinn var á Hvolsvelli 15. – 16. október 2007.

#### Upplýsingaskilti

Sett voru upp skilti á Stöng í Þjórsárdal í samvinnu við Ferðamálafulltrúa uppsveita Árnessýslu.



Sett var upp skilti á Faxabrandstöðum (sögukort) í samvinnu við Vatnsdæluverkefnið.

#### Sumarstarfsmenn

Erlendur Eysteinnsson vann sem staðarvörður á Þingeyrum í Austur-Húnavatnssýslu.

#### Styrkir

Fornleifavernd ríkisins fékk styrk úr Þjóðháttíðarsjóði vegna útgáfu rits um friðuð minningarmörk í Kjalarnesprófastsdæmi.

Fornleifavernd ríkisins fékk styrk vegna Evrópuverkefnis sem stofnunin tekur þátt í næstu þrjú árin ásamt 14. öðrum Evrópuþjóðum og nefnist Net-Heritage.

#### Umsagnir um lagafrumvörp og stjórnsýslukærur

Veitt var umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lagaákvæðum um húsafriðun og um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, þskj. 33, 33. mál.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn vegna frumvarps til laga um mannvirki.

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um brunavarnir

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn vegna frumvarp um landupplýsingar.

Fornleifavernd ríkisins veitti umhverfisráðuneytinu umsögn um kæru Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu borunar rannsóknarhola ÞG-4 og ÞG-5 á Þeistareykjum í Aðaldælahreppi.

Fornleifavernd ríkisins veitti umhverfisráðuneytinu umsögn um kæru Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegslóða að kjarnaholu á Þeistareykjum í Aðaldælahreppi.

#### Umsagnir um útflutning menningarminja

Fornleifavernd ríkisins veitti umsögn um leyfi til útflutnings á 17 gripum og 71 beini, beina-leifum og tönnum úr fornleifauppgreiftri á Hrísbú í Mosfellsdal.





Fundur þjóðminjavarða Norðurlanda

## Starfsstöðvar og starfsfólk

Skrifstofur Fornleifaverndar ríkisins eru á á sex stöðum: Reykjavík, Stykkishólmi, Bolungarvík, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum.



### Forstöðumaður

Kristín Huld Sigurðardóttir  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556630, fax: 5556631  
Netfang: kristinhuld@fornleifavernd.is

### Deildarstjóri umhverfismats

Kristinn Magnússon  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556634, fax: 5556631  
Netfang: kristinn@fornleifavernd.is

### Deildarstjóri skipulagsmála

Agnes Stefánsdóttir  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556633, fax: 5556631  
Netfang: agnes@fornleifavernd.is

### Verkefnisstjóri kirkjuminja

Gunnar Bollason  
**Suðurgata 39, Reykjavík**  
Sími: 5556632, fax: 5556631  
Netfang: gunnar@fornleifavernd.is

### Minjavörður Vestfjarða

Ragnar Edvardsson  
Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík  
Sími: 8937636  
Netfang: ragnar@fornleifavernd.is

### Minjavörður Vesturlands

Magnús A. Sigurðsson  
Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi  
Sími: 4381880/8659942, fax: 4381705  
Netfang: magnus@fornleifavernd.is

### Minjavörður Norðurlands vestra

Þór Hjaltalín  
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki  
Sími: 453 6203/845 8510, fax: 453 7998  
Netfang: thor@fornleifavernd.is

### Minjavörður Norðurlands eystra

Sigurður Bergsteinsson  
Þórunnarstræði 99, 600 Akureyri  
Sími: 4621089/8659942, fax: 4612562  
Netfang: sigurdur@fornleifavernd.is

### Minjavörður Austurlands

Inga Sóley Kristjónudóttir  
Tjarnarbraut 39a, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4711451/8641451, fax: 4711452  
Netfang: ingasoley@fornleifavernd.is

### Deildarstjóri skráningarmála

Sólborg Una Pálsdóttir  
Aðalgötu 2, 550 Sauðárkróki  
Sími: 453 6203/862 4353, fax: 453 7998  
Netfang: solborg@fornleifavernd.is



Þjónustuhús við Þingeyrakirkju